

Tálknafjarðarhreppur
Óskar Örn Gunnarsson
Miðtúni 1
460 Tálknafirði

Reykjavík, 28. september 2022
UST202208-145/A.Þ.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og deiliskipulagi í landi Norður Botns

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps er barst 16. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og breytingu á deiliskipulagi fyrir Norður Botn.

Í greinargerð kemur fram að markmið skipulagsbreytingarinnar er að auka framleiðslugetu fiskeldisstöðvar í Norður Botni og skýra hvar framleiðsla skuli staðsett, staðsetja iðnaðarsvæði I11 og skilgreina heimildir til uppbyggingar, staðsetja efnistökusvæðin E3 og E6, sem ætluð eru til vegagerðar og uppbyggingar á svæði I3, í samræmi við framkvæmdaleyfi og heimila færslu Bíldudalsvegur (nr. 63) og byggingu brúar yfir Botnsá til að auka umferðaröryggi.

Á svæði I3 er gert ráð fyrir fiskeldi með allt að 2.400 tonna framleiðslu á ári. Hámarksbyggingarmagn verður 45.000 m². Á svæði I11 er hámarksbyggingarmagn 500 m² en þar er gert ráð fyrir aðstöðuhúsi.

Á svæði E2 verður heimilt efnisnám á allt að 4.000 m³ á 4.000 m² svæði. Á svæði E3 verður heimilt efnisnám á allt að 30.000 m³ á 27.000 m² svæði. Á svæði E6 verður heimilt efnisnám á allt að 30.000 m³ á um 24.500 m² svæði.

Leirur

Líkt og fram kemur í greinargerð eru leirur í botni árósa Botnsár sem falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Forðast ber að raska vistkerfum sem undir greinina falla nema brýna nauðsyn beri til, þá fyrst og fremst almannahagsmunir.

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands eru einnig sjávarfitjar innan skipulagssvæðisins sem falla undir sömu grein náttúruverndarlaganna og forðast ber að raska.

Í töflu 6.2 í aðalskipulagsbreytingunni segir að rannsókn á lífríki svæðis þurfi að liggja fyrir áður en sótt er um byggingar- og/eða framkvæmdaleyfi. Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að lífríki leiranna verði kortlagt svo koma megri í veg fyrir að verndargildi þeirra rýrni og lífríki þeirra verði raskað. Umhverfisstofnun bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið

af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Fiskeldi

Á svæði I3 er gert ráð fyrir fiskeldi þar sem framleiðslan geti orðið allt að 2.400 tonn á ári. Stærð svæðisins er um 26 ha. Hönnun mannvirkja skal taka mið af náttúru, landslagi og staðháttum til að lágmarka sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun tekur undir það og telur mikilvægt að lóðinni verði haldið snyrtilegri og að frágangur allra framkvæmda verði góður þar sem um mjög áberandi byggingar er að ræða nálægt veginum.

Umhverfisstofnun bendir á að í breytingartillögunni segir að gert sé ráð fyrir 2.400 tonna framleiðslu á ári. Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir starfseminni og bendir á að umsókn hefur borist þar sem sótt er um 2.400 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag. Verði tillögurnar því samþykktar óbreyttar mun afgreiðsla stofnunarinnar á umsókn rekstraráðila verða í samræmi við gildandi skipulag og einungis heimila eldi þar sem ársframleiðsla verður takmörkuð við 2.400 tonn.

Efnistaka

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2.02 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana fellur efnistaka, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, í flokk B en í þann flokk falla framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli umhverfismati. Einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra. Tilkynna þarf Skipulagsstofnun um efnistökuuna og fá úr því skorið hvort hún sé háð umhverfismati.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafa verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og

langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistökusvæðin sem skilgreind eru í skipulaginu eru í Botnsárósi og á bökkum Botnsár í Botnsdal. Vatnshlotið Botnsdalsá 1 hefur verið skilgreint (nr. 101-336-R). Efnistaka meðfram árbökkum er dæmi um álag vegna vatnsformfræði í straumvatni og getur valdið álagi á lífríki árinna. Vatnsformfræðilegt álag getur breytt líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum vatnshlots og haft neikvæð áhrif á þau samanborið við náttúruleg vatnshlot sem eru án álags.¹

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ástand vatnshlotsins versni ekki vegna efnistökkunar. Mikilvægt er að framkvæmdaraðili fylgist með ástandi árinna og gæti fyllstu mengunarvarna. Ef vart verður við neikvæð áhrif þarf að grípa til aðgerða og upplýsa Umhverfisstofnun.

Mikilvægt er að frágangur að lokinni efnistöku verði góður.

Úrgangur

Í greinargerð deiliskipulagsbreytingarinnar kemur fram að lífbrjótanlegur úrgangur skuli fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar.

Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 taka gildi breytingar á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Breytingarnar eru settar fram í lögum nr. 103/2021 og snúa að því að stuðla að hringrásarhagkerfi með innleiðingu regluverks ESB og um leið ýta í framkvæmd stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum (*Í átt að hringrásarhagkerfi*).

Umhverfisstofnun bendir á að bann við urðun á lífúrgangi, ásamt öðrum sérsöfnuðum heimilisúrgangi, tekur gildi þann 1. janúar 2023. Bann við urðun alls lífbrjótanlegs úrgangs (þar með talið lífræns rekstrarúrgangs) er sett fram í aðgerð nr. 16 í stefnu ráðherra í úrgangsmálum sem áætlað er að taki gildi fyrir árslok 2024. Tengist ofangreint Aðgerð F.2 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Umhverfisstofnun telur að í greinargerð ætti að vera umfjöllun um hvernig sveitarfélagið hyggst ráðstafa lífúrgangi og síðar meir öllum lífbrjótanlegum úrgangi, á annan hátt en að senda til urðunar eða til brennslu.

Þessu tengt minnir stofnunin á að fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldisins er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fódurleifa. Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því

¹ [https://www.ust.is/librahttps://www.ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%20a1%20a6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf/sida/haf-og-vatn/Vatna%20C3%A1%20C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.ust.is/librahttps://www.ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%20a1%20a6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf/sida/haf-og-vatn/Vatna%20C3%A1%20C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar² til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefnis/sets úr frárennsli í stað þess að farga því með urðun.

Umhverfismatsskýrsla

Í umhverfismatsskýrslu sem fylgir greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar eru skoðuð umhverfisáhrif uppbyggingar seiðaeldisstöðvarinnar í Norður Botni og skoðaðir tveir valkostir sem eru bornir saman við núllkost. Einnig eru metin umhverfisáhrif færslu þjóðvegjar og borið saman við núllkost.

Umhverfisstofnun telur að í umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar ætti einnig að skoða umhverfisáhrif efnistökkunnar þar sem um er að ræða töluverða efnistöku.

Fyrirvari um rannsóknir

Umhverfisstofnun bendir á að í inngangi aðalskipulagsbreytingarinnar er vísað í fyrirvara í gildandi aðalskipulagi um rannsóknir á lífríki við árósa Botnsár, þá sérstaklega leirum, áður en sótt er um stækkun á eldi sem fer yfir 200 t og að sá fyrirvari sé enn í gildi. Í töflu 6.2 segir hins vegar að rannsókn þurfi að liggja fyrir áður en sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að samræmi sé í þessum textum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

² https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf